



Vættatal  
Dialogue on Eerie Beings

# Vættatal Dialogue on Eerie Beings

Páll Guðmundsson

Sigurjón Ólafsson

9.06. - 1.09.1996

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Sigurjón Ólafsson Museum Reykjavík

Eftirtaldir veittu stuðning við sýninguna  
og eru þeim færðar alúðarþakkir

Guðjón Leifsson  
Guðmundur Ingólfsson  
Leifur Guðjónsson  
Magnús Ingi Magnússon  
Þorsteinn Guðmundsson, Húsafelli

## Aðfaraorð

Á ferðalagi um Norður Sjáland rétt upp úr 1940 heimsótti Íslandsvinurinn og skáldið Otto Gelsted góðvin sinn Sigurjón Ólafsson þar sem hinn síðarnefndi var í sumarfríi í sjávarþorpinu Bramsnæsveg við Isefjord. Í litlu myndskreyttu riti sem nefnist *Rundt om en fjord*, og út kom 1943, lýsir Gelsted því hvernig myndhöggvarinn, sem hann þekkti svo vel úr listalífi Kaupmannahafnar, hefði breyst í alvanan sjómann, sem dag hvern fór á álaveiðar með fiskimönnum þorpsins fyrir sólarupprás. Hann segir að í samræðum þeirra var borið saman íslenskt og danskt landslag og vikið að dulmagni náttúrunnar sem leynist í hæðum og hólum. Gelsted hefur eftir Sigurjóni að heima í mýrinni á Eyrarbakka eigi hann sér hól, álagahól sem ekki má beita né slá, sem hann ávallt hafi lit- ið á sem helgidóm sinn og fært fórnir... skeljar, bein...

Í þessu leyndarmáli, sem danska skáldið gerði opinbert, er nokkur vísbending um þær tilfinningar sem Sigurjón bar fyrir náttúru ættlands síns og þá virðingu fyrir skaparverkinu og hinum duldu öflum, sem svo víða birtast í list hans.

Páll Guðmundsson myndhöggvari á Húsafelli er meðal þeirra úr yngri kynslóð íslenskra listamanna sem einna mest hefur leitað fanga í íslenskri náttúru í myndsköpun sinni. Páll stendur traustum fótum í borgfirskri sveitarmenningu með sterkan ættbálk að baki sér. Alinn upp á Húsafelli, hjá Bæjargilinu, í námunda jökla, hellisbúa og leyndardóma fjallsins sækir hann bæði hugmyndir og efnivið í nánasta umhverfi bernskunnar. Hér má sjá nokkra hliðstæðu við hin nánú tengsl Sigurjóns við sínar bernskustöðvar, álagahólinn í mýrinni, sandfjöruna við óendanlegt Atlantshafið og rekaviðinn sem varð efni í listaverk.

Í tilefni af Listahátíð í Reykjavík 1996 hefur Páll á Húsafelli þegið boð okkar um að sýna höggmyndir sínar með völdum verkum eftir Sigurjón í safninu á Laugarnesi. Páll hefur lagt mikla vinnu í undirbúning sýningarinnar og eru flest verka hans unnin gagnert af þessu tilefni. Færi ég Páli alúðarþakkir fyrir óeigin- gjarnt starf sem gerir þennan fund tveggja myndhöggvara mögulegan.

*Birgitta Spur*

## Foreword

When travelling in northern Zealand in the early 1940s, the poet Otto Gelsted, an Icelandophile, visited his good friend Sigurjón Ólafsson where he was holidaying in the seaside village of Bramnæsveg on Isefjord. In an illustrated booklet entitled *Rundt om en fjord* (Tour of a Fjord), published in 1943, Gelsted describes how the sculptor, whom he knew so well from the artistic society of Copenhagen, had been transformed into a seasoned fisherman, who set out before dawn to catch eels with the seamen of the village. He says that in their discussions they compared the Danish landscape to the Icelandic, and referred to nature's mystic powers concealed in hills and knolls. Gelsted quotes Sigurjón as saying that back home, in the marshes of Eyrarbakki, he has a knoll he always regards as his shrine, a knoll of fate where sheep must not graze, and where the grass must never be cut... he offers sacrifices at the knoll - shells, bones...

This secret, revealed by the Danish poet, gives some indication of Sigurjón's feelings about the nature of his home country, and the reverence he felt for the creation and supernatural powers, which is so often expressed in his work.

Sculptor Páll Guðmundsson from Húsafell has sought inspiration in Icelandic nature in his work to a greater degree than most other members of the younger generation of Icelandic artists. Páll comes from a long line of country folk in Borgarfjörður. Brought up at Húsafell, by the Bæjargil gully, close to glaciers, cave-creatures and the mystery of mountains, he finds both ideas and material in his childhood surroundings. A parallel may be discerned here with Sigurjón's close ties to his childhood home, the enchanted knoll in the marsh, the sandy beach on the edge of the endless Atlantic Ocean, and the driftwood that became the material for works of art.

On the occasion of the Reykjavík Arts Festival 1996, Páll from Húsafell has accepted our invitation to exhibit his sculptures alongside a selection of Sigurjón's work in the Sigurjón Ólafsson Museum. Páll has put a lot of work into preparing for this exhibition, and most of the pieces have been made specifically for this show. I express my sincere thanks to Páll for his generosity in making this dialogue of two artists possible.

*Birgitta Spur*

# Vættatal í Sigurjónssafni

Thor Vilhjálmsson

I.

Ópreyjan magnast að vita hvernig landvættum verður við þegar komin er saman á galdrastefnu í Laugarnesi list eftir tvo myndhöggvara okkar sem skera sig úr hvor að sínu leyti, af ólíkum kynslóðum en með rík tengsl við náttúru þessa lands og kynjar hennar frá tröllskap til álfa, frá ókindum lagarormum og finngálknum til marmennla furðufugla og hulduvætta, frá sækúm nykrum og útilegumönnum til fuglgyðlinga ljóna skuggabaldra og urðarkatta; og fjörulalla sem draga þöglir skröltandi skeljahaminn- báðir þessir listamenn yrkja í stein og jarðefni, og annar enn fremur í tré og málma, hinn með penslum og blýanti kolum og litum á dúka og arkir,- hvor eftir sinni lund og kjöri, á sína vísu með sinni kveðandi og sértækum listtökum.

Tveir ólíkir listamenn sem með heilindum sínum og hagleik og krafti ná saman með myndum sínum á fund og kveikja með sprengikrafti þessa stefnumóts að ögra okkar sem skoðum að eiga þar hverskonar eða einskonar orðastað með samanbornum furðum sköpunarmáttar.

Vitni: kría hrafnar og örn.

II.

Páll: Opna steininn, ljúka fundvíslega upp fylgsnum hans, láta hann sjálfan tala, segja frá sínu, laða hann til með nærfærnnum tökum festu og kjassi til að láta laust það sem steini var fólgið að varðveita af náttúru trúnaði. Leika svo við steininn að senn fengi farlausn hið samstemmandi úr eigin sálarstáli með því að viðkvæmt og máttugt klappa steininn, knýja á björg og hamar og dranga.

Sigurjón: lætur steininn luktan mýkjast undir hamri og meitli að taka á sig mynd sem hugur listamannsins semur því harða efni, knýr fram af afli og hagleik, yrkir í það efni af stórum hug kyngi og lagi, yrkir í steininn. Flytur úr hug sér sjón sína og lætur steininn lúta valdi sínu og krafti, sverfur að honum til samlætis við annan

efnivið svo hvort játi öðru í kveðanda listamannsins, flóknum háttum og formboðum og hrynjandi, líkt og dróttkvæðasnilli á sína og aðra vísu að eðli orða til þess leiks, með leyndum sem ljósari boðum og virkni.

### III.

Talast svo við hinn aldni síungi meistari af ódáinsvöllum sem vistast hefur þar með hólpnum ljúflingur þjóðar og sá hinn yngri úr goðorði sínu í fjallasal við Húsafell sem kemur hamrammur úr tröllaslagtogi og huldukynnum, arftaki séra Snorra með fjölkynngifóstri ættar og uppvaxtar, þar sem á hvern reynir mest hver hann myndi af sjálfum sér. Að nýta vöggugjöf og vegarnesti, og lesa til samhengis það sem liggur sem hráviði væri um hvippinn og hvappinn, í gili, botngrýti árbunu, á stalli sem kvarnast úr undir fossi, í grjótæð undir skriðu eða í urð undir hörg eða stapa, í mannlífs tilbæri-leika, með jökulbunu sem helga bragandi yfir, í grámosa í hraunfláka, í bjarmaskriði um polla við gólfhnalla undir dropsteinum í djúpum hellisgöngum, í brag, broti af grafskrift eftir áa, þjóðsögu, sannindaávísun um hrikaleg örlög, harmkvein eða hlátur úr hraunfossu í kjarrhlíð að kjassa berg svo tími hvarflar í átt til eilífðar.

Hinn eldri óx upp á hafnlausri strönd þar sem fiskimenn leituðu bjargar úr sjó þegar dúraði milli ofstapa í fangbrögðum lands og hafs hamstola, þegar himinn hrundi yfir í upplausn. Og þangað sóttu menn verzlun yfir ófær vötn og fljót sem varð að komast yfir; og brimið kvað sinn margfræga heljaróð.

Þar sem úthafið átti sem lengstan veg að fálmi eftir landi, strönd. Að leita örþrifa fangstaðar á fjöru grýtttri, og velta hrynfyssandi yfir svartar flesjur nema brigði á blæ af sól eða moski, og ýta inn á þessa einmanalegu strönd þungum drunum, og blanda líkt og öskri væri ekka. Og hlöktir í djúpi.

### IV.

Eyrbakki.

Sigurjón kom frá bakka eyrarinnar þar sem brimið keyrði sín harmóníum fyrir hafgúur og gagnsæjar gyðjur sem brimgarður hrundi gegnum á sandinn brostinn á landsins skrælnuðu vörum og höfðu týnt sínum svansham og fingruðu litlausar perlur löðurs og vörpuðu glitrandi að ljósum dreng að vegarnesti í víking líkt og

væri jarteikn úr mistruðum steini dverga, og hann hlýddi kalli og vann frama og frægð í borgum.

Og lifir æ í list sinni; auðsýnn sjálfur enn hugsjón eimi ríkar í minni okkar sem þekktum hann, orkuþrunginn og örlátur leiftrandi kátur hugvitsglaður og frjór. Fas hans með afvopnandi sjarma, hlýr og hraður. Og lék allt í höndum hans.

Pál sjáum við hið næsta okkur, svo við getum filmað hann hver sinni eftirtekt og gáfu til athygli einsog hann kemur fyrir augu sjálfur á sviðinu, sem og aukinheldur í verki, í list sinni.

V.

Hér er svo hagað aðdráttum og vali að takast vildi tvítal ellegar fremur tveggja frömuða tal með því og list þeirra mætti kallast á um kynjar þessa lands og arfsprottin hugarfóstur þess í mannheimum og náttúru, í ögrandi samleik sem leitar örfunar í miði eftir fjölbreytni og samhljómi og frjóvgun, í spuna fullkveðnum og víxlandi stefjavöku. Og sá sem starfar meðal okkar hyllir með sköpun sinni þann sem fór svo hollur okkur öllum á undan, og vísar á margar leiðir sem hann fann af elju sinni og seiglu eðlisávísun, snilli, og sýna líka báðir þó að hver verður að finna sitt afl og dug, rækta og nytja; og rata sjálfur, örvað helzt af bezta fyrirdæmi.

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Þórunn Björnsdóttir'. The signature is fluid and cursive, with a large initial 'T' and 'B'.





*Páll Guðmundsson. Hestshaus, 1983-96.*

# Af endurminningum náttúrunnar

## Hugleiðingar um höggmyndir Sigurjóns Ólafssonar og Páls Guðmundssonar

Til er listasaga mjög frábrugðin þeirri samfelldu frásögn af meintum arfgengum áhrifum og framþróun hugmynda sem kennslubækurnar halda að okkur; frásögninni af því hvernig Poussin gat Cézanne sem gat Picasso sem gat kúbismann. Eða í íslenskri útgáfu: Hvernig Jón Stefánsson gat Sigurð Sigurðsson sem gat Georg Guðna og svo framvegis.

Ég á við hina ósamfelldu og línulegu listasögu, þar sem listamenn ýmissa landa kallast á yfir tímans djúp. Sú saga snýst ekki um persónur listamanna, heldur úrlausnir þeirra á margháttuðum hugmyndalegum og aðferðalegum vandamálum. Ef við höldum okkur við íslensku útgáfuna, getum við til að mynda haldið því fram að leiktjöld af upphöfnu landslagi sem Sigurður Guðmundsson eldri gerði fyrir *Utilegumenn* Matthíasar Jochumssonar (1872-73) feli í sér markmið áðurnefnds Georgs Guðna. Annað dæmi: Einar Jónsson myndhöggvari og Birgir Andrés�on Feneyjafari eiga lítið sem ekkert sameiginlegt sem myndlistarmenn, en viðleitni hins síðarnefnda til að „hlutgerva“ hið þjóðlega getur vissulega verið nytsamlegt leiðarhnoða um sérkennilega myndveröld hins fyrrnefnda. Gjörólíkir listamenn, sinn af hvorri kynslóðinni, sitt hvoru megin á jarðkringlunni, geta brugðið ljósi á verk hvers annars, án þess að „áhrif“ komi þar nokkuð við sögu.

En það er sitt hvað að tefla saman verkum ólíkra listamanna á bók eða í huganum, eða gera það í alvöru og fyrir augliti okkar allra. Skáldið Rilke líkti myndhöggvaranum Rodin við völduga eik sem skyggði á öll tré í grenndinni. Fer þá ekki eins þegar verkum Sigurjóns Ólafssonar, mikilhæfasta þrívíddarlistamanns okkar á þessari öld, er stillt upp í eigin ranni við hlið hálfertugs listamanns ofan úr Borgarfirði, Páls Guðmundssonar frá Húsafelli? Sjálfsagt er enginn íslenskur þrívíddarlistamaður þess umkominn að etja kappi við Sigurjón í allri fjölbreytni hans og fjölkynngi. Enda er það ekki markmið Páls.

Það sem Páll gerir er í senn hyggilegra og erfiðara, nefnilega að efna til skapandi viðræðna við verk Sigurjóns á þeim afmarkaða vettvangi sem þeir eiga sameiginlegan, í lotningunni fyrir efninu, í súbtraktífu viðhorfinu til efnisins og í „frumstæðri“ tákn-gervingu kenndanna. Við þetta verða umræður þeirra nánari og djúptækari, en um leið áhættusamari fyrir hinn unga Borgfirðing. Stenst hann þær kröfur sem Sigurjón gerir til hans; getur hann aukið við skilning okkar á verkum Sigurjóns og öfugt?

Á ferli sínum notaði Sigurjón auðvitað fjölmörg efni og aðferðir. Hins vegar tek ég undir með Erlingi Jónssyni, sem um árabil fylgdist náði með vinnubrögðum hans, þegar hann segir að í eðli sínu hafi Sigurjón verið „súbtraktífur listamaður, sem sagt myndhöggvari“ (Sjá Árbók LSÓ, 1987 og 88). Þar á hann við að markmið Sigurjóns hafi framfarir verið að „taka af“ myndmassanum steininum eða viðnum uns eftir sat harður kjarni sem fól í sér þá merkingu sem hann vildi miðla til áhorfandans. Erlingur ber þetta saman við additífu aðferðina (sem Sigurjón notaði einnig), þar sem listamaðurinn er sífelldur að auka við verk sitt uns það tekur á sig rétta mynd. Um leið gætir Sigurjón þess að fórn ekki efniviðnum fyrir merkinguna, eins og þeir myndlistarmenn gera sem valsa á milli efna með sömu hugmyndina. Höggmynd eins og *Dýrið* (1946) er ekki aðeins „úr“ grásteini heldur er hún framlenging grásteinsins, rétt eins og *Finngákn* I (1950) verður beinlínis til „í“ líparítinu. Trúnaður Sigurjóns við efnið, jafnt við stein og tré, birtist einnig í því hvernig hann hliðrar sér hjá gjörnýtingu þess og „endanlegri“ lúkningu verkanna. Kvistir, sprungur, misfellur og egghvassar nibbur í höggmyndum hans minna áhorfandann stöðugt á uppruna þeirra í ótaminni náttúrunni.

Um þetta er enginn ágreiningur milli þeirra Sigurjóns og Páls. Páll er jafnvel enn sannfærðari um gildi súbtraktífrar höggmynda-listar en Sigurjón. Enda hefur hann sitt eigið Pietrasanta heilaggrýti? við túnfótinn, nefnilega Bæjargilið að Húsafelli sem er uppfyllt með þjáltri líparít og flikrubergr. Sömuleiðis minnir Páll okkur stöðugt á náttúruna í verkum sínum með því að ganga aldrei nær þeim en hver klöpp gefur tilefni til. En þegar kemur að sjálfri myndmótuninni, það sem nefna mátti „framköllun merkingar“ eru viðhorf þeirra Sigurjóns og Páls í grundvallaratriðum mjög ólík.

Viðhorf Sigurjóns eru mótuð af þeim alþjóðlega mórernisma sem hann tilheyrði, þar sem menn lögðu allt kapp á endurnýjun hugmynda, nýsköpun og framþróun. Samkvæmt kennisetningum mórernismans bar hverjum „framsæknum“ listamanni að skapa eigið tjáningarform, óháð viðteknum formum og viðhorfum, með þarfir nútímamannsins að leiðarljósi. Eins og margir mórernistar í myndlistinni var Sigurjón einnig hallur undir súrrealisma og prímitífisma, og til að gera langa og flókna sögu stutta má segja að súrrealisminn hafi verið honum lykill að ómælisvíddum undirvitundar, með öllum sínum vættum og demónum, en prímitífisminn hafi nýst honum sem hugmyndalegur og formrænn bakhjarl þegar kom að úrvinnslu allra þessara þátta.


Mórernisminn leggur sem sagt frumkvæðið alfarið á herðar listamannsins. Hans er að móta efnivið sinn, náttúrulegan eða tilbúinn, uns hann fær á sig þá mynd sem innri nauðsyn krefur. Innri nauðsyn kemur alltaf fyrst; hvort sem listamaðurinn sér hana nákvæmlega fyrir sér, eða ber hana með sér í undirvitund, eins og Jung vildi meina. Þessi innri nauðsyn getur sótt að listamanninum sem óljós kennd, ótti, skyndileg upphafning eða endurminning, en birst sem *Dreki* (1978), *Draugur* (1976) eða *Tröll* (1982). Sigurjón lætur því aldrei efnid - náttúruna - komast upp með að stjórna framvindu verka sinna. Hins vegar braut hann aldrei í bág við efnid, sem er allt annar handleggur.

Páll er hvorki mórernisti né póstmórernisti, heldur seilist hann aftur fyrir þessa isma, allt aftur í sérstakt afbrigði rómantískrar náttúruinnlifunar, sem Kjarval túlkar betur en nokkur annar íslenskur listamaður. Í stað þess að ganga til móts við sköpunina með því hugarfari að hafa hana undir og umskapa eftir eigin höfði, í samræmi við títtnefnda innri nauðsyn, er yfirlýstur ásetningur þeirra Kjarvals og Páls að kalla fram allt sem „býr“ í steininum, það sem nefna mætti „endurminningar“ náttúrunnar. Í þeim málverkum sem Kjarval gerir eftir 1930 er sérhver staður ekki aðeins jarðfræðilegt fyrirbæri, heldur einnig summa endurminninga sinna, þar sem birtast þjóðsögurnar sem tilheyra staðnum, svipir fólksins sem bjó þar eða tengist honum á einhvern hátt, auk þess sem listamaðurinn sjálfur gerist þátttakandi í endurminningu staðarins með því að flétta inn í hana umfangsmikla áritun sína, litaspjald sitt, jafnvel nestið sitt.

Þær endurminningar sem Páll laðar út úr klöppum sínum tengjast fyrst og fremst uppruna þeirra í Bæjargilinu, þar sem þær hafa drukkið í sig vitund um mannlíf og móra í aldanna rás, þar sem þær urðu vitni að umbrotum náttúrunnar og hlustuðu á kvak fugla og gnegg hesta. En minni klappanna er ekki óskeikult fremur en minni okkar mannanna, sem gerir höggmyndir Páls skemmtilega óútreiknanlegar. Vættir, menn, dýr og náttúra fléttast saman með ýmsum hætti, allt eftir því hvernig klappirnar í Bæjargilinu eru vaxnar.

Í meðförum Sigurjóns verður náttúrulegt efnið, steinninn og tréð, því að eins konar spegilmynd, þar sem maðurinn leitast við að skilja hugsanir sínar og kenndir. Hins vegar grípur Páll inn í efnið til þess að áréttu sjálfstæði þess gagnvart mannum. Í höggmyndum þessara tveggja listamanna mætast því tvö grundvallarviðhorf og slá neista hvert af öðru.

*Aðalsteinn Ingólfsson*



*Sigurjón Ólafsson. Maðurinn og dýrið, 1950-51*

# Nature's Memories

## On the sculptures of Sigurjón Ólafsson and Páll Guðmundsson

There is a history of art very different from the continuous narrative of alleged influences and development of ideas that the textbooks have forced upon us; the story of how Poussin begat Cézanne who begat Picasso who begat Cubism. Or, in the Icelandic context, how Jón Stefánsson begat Sigurður Sigurðsson who begat Georg Guðni, and so on.

I refer to the history of art that cannot be measured in a linear way, where artists of different countries conduct a dialogue across the chasm of time. This history does not focus on artistic personalities, but upon their solutions to a host of ideological and methodological problems. If we stick to the Icelandic version, we may maintain that the backdrop of an "ideal" landscape made by Sigurður Guðmundsson the elder for a production of *Útilegumenn* (The Outlaws) by Matthías Jochumsson (1872-3) embodies the objectives of Georg Guðni. Another example: sculptor Einar Jónsson and Birgir Andrésson, who represented Iceland at the last Venice Biennale, have little or nothing in common as artists, yet the latter's effort to objectify nationalist values may aid us in exploring the bizarre visual world of the former. Different artists, of different generations, residing on opposite sides of the earth, may throw light on each other's work, without the slightest hint of "influence."

But it is not the same to bring two dissimilar artists together in a book, in one's imagination, or to do it in real life, in plain view. The poet Rilke likened the sculptor Rodin to a mighty oak that overshadowed all the trees around it. Will not the same happen if we bring together the works of Sigurjón Ólafsson, Iceland's pre-eminent three-dimensional artist of this century, on his home ground, and those of a thirtysomething artist from Borgarfjörður, Páll Guðmundsson from Húsafell? Doubtless there is no Icelandic three-dimensional artist who can compete with Sigurjón in all his versatility and richness of imagination. In any case, that is not the object of the exercise.

What Páll does is both more sensible and more difficult, that is to establish a creative dialogue with Sigurjón's work, in the particular sphere that they share, in their respect for materials, their subtractive approach to the medium, and their "primitivistic" visual language. This makes for more intimate dialogue, which is at the same time more of a risk for the young artist. Will he live up to Sigurjón's demands - can he lead us to a better understanding of Sigurjón's work - and vice versa?

During his career, Sigurjón employed, of course, a multiplicity of materials and methods. But I agree with Erlingur Jónsson, who was a close observer of his work for many years, when he says that Sigurjón was by nature "a subtractive artist, i.e. a sculptor" (see Yearbook of the Sigurjón Ólafsson Museum, 1987 and 1988). His contention is that Sigurjón's primary objective was always to "take away" from the mass - stone or wood - leaving a hard core of meaning that contained what the artist wished to convey to the observer. Erlingur compares this to the additive method (which was also used by Sigurjón), whereby the artist progressively adds to the piece until it reaches the desired shape. Sigurjón also takes care not to sacrifice the medium for the meaning, as artists do who move from one medium to another with the same basic idea. A sculpture like *Dýrið* (Animal, 1946) is not only "of" basalt, but is an extension of the basalt, just as *Finngálkn* I (1950) comes into being "in" the rhyolitic rock. Sigurjón's loyalty to the medium, whether stone or wood, is also exemplified in his avoidance of "final" solutions. Knots, cracks, irregularities and sharp protrusions constantly remind the observer of the origins of the material in untamed nature.

In this, Sigurjón and Páll are in complete accord. Páll is, if anything, even more convinced of the value of subtractive sculpting than Sigurjón. And he has his own *Pietrasanta* (holy rock) in his own back yard, in the Bæjargil gully at Húsafell, full of tractable rhyolite and ignimbrite. Páll also continually reminds us of nature in his works, by never taking each rock further than it permits. But when it comes to the actual shaping of the image, what may be called "drawing out a meaning," Sigurjón and Páll differ fundamentally.

Sigurjón's approach reflects the international modernism of which he was a part, where the primary emphasis was upon the



*Sigurjón Ólafsson. Dýrið, 1946.*



renewal of ideas, innovation and progress. According to the doctrines of modernism, every “avant-garde” artist has to create his own form of expression, regardless of traditional forms and attitudes, guided only by the needs of modern man. Like other modernist artists, Sigurjón was also attracted to surrealism and primitivism; to make a long story short, one may say that surrealism was his key to the subconscious, with all its phantoms and demons, while primitivism gave him an ideological and formal foundation in the handling of these themes.

Thus modernism places all initiative firmly in the hands of the artist. It is up to him to shape his medium, natural or man-made, until it takes on the image required by inner necessity. Inner necessity is always of primary importance - whether the artist sees it exactly in his mind’s eye, or carries it in the subconscious, as Jung claimed. This inner necessity may be felt by the artist as a vague sensation, fear, sudden elation or remembrance, then emerges as *Dreki* (Dragon, 1978), *Draugur* (Ghost, 1976) or *Tröll* (Troll, 1982). Hence Sigurjón never allows the medium - nature - to control the development of the work. On the other hand, he never goes against the medium, which is a different matter entirely.

Páll is neither modernist nor postmodernist; he reaches back beyond these -isms, back to a particular brand of romantic empathy with nature, which is perhaps better expressed by Kjarval than by any other Icelandic artist. Rather than approaching nature with the intention of subduing it and remaking it in keeping with their own notions, in accord with the above-mentioned “inner necessity,” Kjarval and Páll are intent on bringing out the “inner life” of stones, what may be called nature’s memories. In Kjarval’s paintings after 1930, each individual place is not only a geological phenomenon, but also the sum of its memories, of folklore connected to the place, of faces of people who lived there or have a link with it. The artist, too, becomes a participant in the place’s memory, by adding his own large and flamboyant signature, his palette, even his lunch.

The memories conjured from the rocks by Páll are primarily connected to their origins in the Bæjargil gully, where they have absorbed experience of human nature and the supernatural over the centuries, where they have observed nature’s changes, and

heard the cries of birds and neighing of horses. But a rock's memory is not faultless, any more than human memory, and this makes Páll's sculptures delightfully unpredictable. Supernatural beings, men, animals and nature are combined in various ways, all depending upon the shape of each rock in the gully.

In Sigurjón's hands, the natural medium, stone and wood, becomes a mirror of sorts, where man seeks to come to terms with his thoughts and feelings. Páll, on the other hand, intervenes to reinforce nature's independence from man. Thus in these two artists' sculptures, two fundamental views meet, clash, and illuminate each other.

*Aðalsteinn Ingólfsson*



*Páll Guðmundsson. Dýrshöfuð, 1996.*



**Páll Guðmundsson** er fæddur árið 1959. Hann stundaði nám við Myndlista- og handíðaskóla Íslands á árunum 1977-81 og 1985-86 var hann nemandi hjá prófessor Burgeff við Listaháskólann í Köln. Höggmyndir sínar vinnur hann fyrst og fremst í litskrúðugt grjót heimabyggðar sinnar, líparít og flikruberg, en hann hefur einnig tekist á við grænlandskt grjót, þegar hann vann fimmtán verk í Quaortoq árið 1994 í tengslum við samnorræna verkefnið *Sten og mennisker*. Á síðastliðnu sumri hélt Páll mjög sérstæða og eftirminnilega sýningu í Surtshelli í Hallmundarhrauni og fyrir skömmu hlaut hann menningarverðlaun DV 1996.

**Páll Guðmundsson** was born in 1959. He studied at the Icelandic School of Arts and Crafts in 1977-81, and in 1985-6 he studied with Professor Burgeff at the College of Art in Cologne. His sculptures are made primarily in the colourful rock of his home territory, rhyolite and ignimbrite, while he has also tried his skills on Greenlandic rock, when he made fifteen pieces in Quaortoq in 1994, as part of a pan-Nordic project, *Sten og mennisker* (Stones and People). Last summer Páll held a highly unusual and memorable exhibition in the lava cave Surtshellir, near his home. He was recently awarded the DV Cultural Prize for 1996.

Verk í opinberri eigu  
*Works in Public Collections*


Listasafn Íslands  
Listasafn Reykjavíkur  
Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar  
Listasafn Borgarness  
Listasafn Árnesinga, Selfossi

Helstu sýningar  
*Selected Exhibitions*

1982 Samsýning ungra myndlistarmanna Kjarvalsstöðum  
1985 Kjarvalsstaðir, Reykjavík  
1985 Tvær sýningar í V-Þýskalandi  
1988 Sophienholm, Danmörk  
1989 Nýhöfn, Reykjavík  
1994 *Sten og mennisker*, Quarqortoq, Grænland  
1995 Kirkjuhvoli, Akranesi  
1995 Sýning í Surtshelli  
1996 *Vættatal*, Listasafn Sigurjóns Ólafssonar, Listahátíð í Reykjavík

**Sigurjón Ólafsson** fæddist á Eyrarbakka árið 1908 og lést í Reykjavík 1982. Hann hlaut menntun sína við Konunglega Listakademíu í Kaupmannahöfn og dvaldist í Danmörku í tvo áratugi þar sem hann var meðal helstu brautryðjenda mótternismans á Norðurlöndum. Hann var fjölhæfur listamaður sem fór ótroðnar slóðir í myndsköpun og efnisvali á sama tíma og hann ræktaði klassískar hefðir í gerð mannamynda. Hann lét eftir sig fjölda verka í ólíkum efnum: leir, gífs, brons, steinsteypu, koparplötum, járn, tré og stein. Meðal helstu opinberra verka má nefna: granítmyndir hans á Ráðhústorgi Vejleborgar í Danmörku, veggmyndir á stöðvarhúsi Búrfellsvirkjunar, *Íslandsmerki* og *Öndvegissúlur* við Höfða í Reykjavík.

**Sigurjón Ólafsson** was born at Eyrarbakki, south Iceland, in 1908, and died in Reykjavík in 1982. He studied at the Royal Academy of Arts in Copenhagen, and resided for two decades in Denmark, where he was one of the pioneers of modernism in the Nordic world. He was a versatile artist who was unconventional in his methods and choice of medium, while also upholding classical traditions in portraiture. He left a large number of works in a variety of media; clay, plaster, bronze, concrete, copper sheeting, iron, wood and stone. Among important publicly-owned pieces are; granite sculptures on the town-hall square in Vejle, Denmark, reliefs on the wall of the Búrfell power station, *Íslandsmerki* (Emblem of Iceland), and *Öndvegissúlur* (High-Seat Pillars) which stands outside Höfði House in Reykjavík.



#### Verk í opinberri eigu / *Works in Public Collections*

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar	Louisiana Museum for moderne
Listasafn Íslands	Kunst, Humlebæk
Listasafn ASÍ, Reykjavík	Aarhus Kunstmuseum
Listasafn Háskóla Íslands	Esbjerg Kunstmuseum
Listasafn Reykjavíkur	Nordjyllands Kunstmuseum,
Listasafn Árnesinga	Aalborg
Norræna Húsið, Reykjavík	Silkeborg Kunstmuseum
Búnaðarbanki Íslands	Nationalmuseum, Stockholm
Landsbanki Íslands	Arkiv för dekorativ konst, Lund
Seðlabanki Íslands	Bygging FAO, Róm
Statens Museum for Kunst, København	Colby College Art Museum, Maine

# Páll Guðmundsson

## Höggmyndir / *Sculptures*

1. Vættir / *Supernatural Beings*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 34x11x30
2. Tröll / *Troll*, 1996  
Flikruberger / *Ignimbrite*, 60x83x27
3. Dýrshöfuð / *Head of an Animal*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 75x96
4. Hestshaus / *Horse's Head*, 1983-96  
Flikruberger / *Ignimbrite*, 68x66x10
5. Álfkona / *Elf Maid*, 1993  
Flikruberger / *Ignimbrite*, 61x23
6. Fjallkona / *Queen of the Mountains*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 130x32x19
7. Dýr / *Beast*, 1996  
Flikruberger / *Ignimbrite*, 63x45
8. Fugl / *Bird*, 1996  
Flikruberger / *Ignimbrite*, 56x39x27
9. Ugla / *Owl*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 78x54x23
10. Naut / *Bull*, 1980-96  
Líparít / *Rhyolite*, 38x64x24
11. Fótur / *Foot*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 24x80x41
12. Mannsins ævi / *The Life of Man*, 1983-96

## Myndir utan dyra / *Sculptures outdoor*


13. Örn og ljón / *Eagle and Lion*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 235x165
14. Hnefi / *Fist*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 119x200x108
15. Maður og dýr / *Man and Beast*, 1995  
Líparít / *Rhyolite*, 100x75x90
16. Hallgerður Langbrók /  
*Hallgerður of the Long Tresses*, 1995-96  
Líparít / *Rhyolite*, 100x129x37
17. Maður í skötulíki / *Man-skate*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 23x130x100
18. Hrútur / *Ram*, 1996  
Flikrubergr / *Iglimbrite*, 35x56x40
19. Fiskur / *Fish*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, 19x119x56
20. Marbendill / *Merman*, 1995  
Flikrubergr / *Iglimbrite*, H. 60
21. Api / *Monkey*, 1996  
Líparít / *Rhyolite*, H. 60

# Sigurjón Ólafsson

## Höggmyndir / *Sculptures*

22. Dýrið / *The Animal*, 1946  
Grásteinn / *Dolerite*, 26x48x30  
LSÓ 203
23. Fjallkonan / *Queen of the Mountains*, 1946-47  
Málað tré / *Painted wood*, 285x40x33  
LSÓ 010
24. Finngálkn I / *Mythic Fish-bird I*, 1950  
Líparít / *Rhyolite*, 62x61x36  
LSÓ 015
25. Beinakerling / *Cairn*, 1976  
Tré og járn / *Wood and iron*, 228x24x24  
LSÓ 075
26. Draugur / *Ghost*, 1976  
Rekaviður / *Drift-wood*, 65x65x30  
LSÓ 076
27. Köttur I / *Cat I*, 1977  
Tré og járn / *Wood and iron*, 39x89x20  
LSÓ 082
28. Staur með rauðum flekkjum / *Red-stained Pole*, 1978  
Tré / *Wood*, 250x42x43  
LSÓ 091
29. Dreki / *Dragon*, 1978  
Tré / *Wood*, 138x19x12,5  
LSÓ 094
30. Húsgoð / *Housegod*, 1979  
Tré / *Wood*, 176,5x35x16  
LSÓ 106

31. Hulduljóð / *Fairy Poem*, 1980  
Tré / *Wood*, 164x52x42  
LSÓ 119
32. Mannsins ævi / *The Life of Man*, 1982  
Tré / *Wood*, 298x90x80  
LSÓ 137
33. Köttur II / *Cat II*, 1982  
Tré / *Wood*, 63x105x40  
LSÓ 142
34. Trölilið / *Troll*, 1982  
Tré / *Wood*, 140x30x35  
LSÓ 145
35. Maðurinn og dýrið / *Man and Animal*, 1950-51  
Grásteinn / *Dolerite*, 66x109x45  
LSÓ 018



Sigurjón Ólafsson. Köttur II, 1982.



© Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Reykjavík 1996  
ISBN 9979-9124-3-X

Ritstjóri	Birgitta Spur
Pýðingar	Anna H. Yates
Prentvinnsla	Rún hf. Prentstofa
Ljósmyndir	Guðmundur Ingólfsson
	H. Schlenker
	Páll Stefánsson
	Sigurður Guðmundsson

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Laugarnestanga 70  
IS-105 Reykjavík  
Sími +354 553 2906  
Fax +354 581 4553

Mynd á forsiðu: Höggmynd eftir Pál Guðmundsson  
Ljósmynd: Guðmundur Ingólfsson

Listahátíð í Reykjavík

The Reykjavík Arts Festival

9.06. - 1.09. 1996

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Sigurjón Ólafsson Museum Reykjavík

ISBN 9979-9-9124-3-X